

113

12. okt.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á 10. gr. tilskipunar um fjárforráð ómyndugra á Íslandi 18. febr. 1847.

Vér Christian hinn Tiundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Dómsmálaráðherra Vor hefir þegnlega borið upp fyrir Oss, að samkvæmt nýlega uppkveðnum hæstaréttardómi verði ekki annað talið óhætt en að veita kaupendum veðsettra fasteigna, sem seldar eru á nauðungaruppbóði samkvæmt 10. gr. tilskipunar um fjárforræði ómyndugra á Íslandi, 18. febrúar 1847, 3 mánaða gjaldfrest á helmingi kaupverðsins og 6 mánaða gjaldfrest á hinum helmingnum, en slíkur frestur sé bæði óþarflega langur og bagalega langur, eins og nú er komið veðmálum hér á landi, og þurfi því að lagfæra þetta hið fyrsta. Teljum Vér með skírskotun til framanritaðs brýna nauðsyn bera til þess að setja bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar þessu til lagfæringar.

Fyrir því bjóðum Vér og skipum:

1. gr.

3. mgr. 10. gr. tilskipunar um fjárforræði ómyndugra á Íslandi, 18. febr. 1847, skal úr gildi numin.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört í Christiansborgarhöll, 12. október 1936.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Hermann Jónasson.